SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Heilbrigðisráðuneytið

Reykjavík, 1. september 2021

Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu um drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnd SFV) senda hér umsögn sína um drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða.

SFV fagna því að fram sé komin heildræn stefna um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Það er mat samtakanna að í stefnudrögunum sé að finna ýmsar tillögur sem séu mikilvæg umbótaskref og samtökin styðja að nái fram að ganga. Það er einnig ljóst að það er margt í tillögunum sem þarf að vinna áfram og útfæra enn frekar. Innan aðildarfélaga samtakanna er mikill mannauður og þekking á öldrunarmálum sem samtökin hvetja að sé virkjaður til frekari stefnumótunarvinnu í málaflokknum. Samtökin og aðildarfélög þess eru þannig tilbúin til samstarfs í þeirri vinnu sem við tekur í stefnumótun málaflokksins.

Það er mikil áhersla lögð á það í stefnunni að gera eldra fólki kleift að vera heima hjá sér sem lengst, með aukinni þjónustu heim til þeirra sem á þurfa að halda. Þannig virðist vera komin almenn sátt um að það vanti mikla þjónustu á stiginu á milli þess að vera heima, og að flytja inn á hjúkrunarheimili. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu taka undir og fagna þessari áherslu og eru tilbúin til að vinna með stjórnvöldum, Alþingi og öllum haghöfum að því markmiði að efla þessa þjónustu.

Samtökin vilja á sama tíma minna á þá staðreynd að það verður áfram ákveðið hlutfall aldraðra, hvers heilsufar er slíkt að það getur verið besta lausnin fyrir viðkomandi einstakling að flytjast á hjúkrunarheimili, þar sem nauðsynleg þjónusta og þannig heilsa og öryggi er tryggð.

Hér á eftir fylgja athugasemdir og ábendingar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Umsögn samtakanna skiptist í almennar athugasemdir um stefnudrögin, þá athugasemdir um einstaka tillögur sem fram koma og að lokum aðrar ábendingar um skýrsluna í heild.

Almennar athugasemdir

Fjárveitingar til hjúkrunarheimila

SFV hafa lengi bent á að hjúkrunarheimilin búa við viðvarandi rekstrarvanda eins og vel var sýnt fram í í nýrri greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila (hér efir kölluð „Gylfa-skýrslan“). Þar er loks komin fram fagleg og óháð úttekt á því hver fjárþörf hjúkrunarheimila er, en þar kemur m.a fram að halli ársins 2019 var 2,7 milljarðar.

Samtökin leggja áherslu á þegar stjórnvöld óska eftir faglegri og óháðri úttekt á svo mikilvægu máli að þá sé hlustað á þær niðurstöður sem fram koma og brugðist við. Það eru því ákveðin vonbrigði að ekki sé fjallað betur í stefnudrögum þessum um það hvernig bregðast eigi við viðvarandi rekstrarvanda hjúkrunarheimila. Í drögunum er vissulega að finna tillögu að nýju greiðslukerfi vegna dvalar- og langtímaumönnunar á hjúkrunarheimilum en það skortir á að það sé tengt við núverandi rekstrarvanda heimilanna.

Þannig leggja samtökin sérstaka áherslu á að nú, þegar stefnt er að stórfelldri uppbyggingu fjölbreyttra rekstrarúrræða í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, að á sama tíma verði hlúð að því sem er og verður ein mikilvægasta þjónustan – hjúkrunarheimili landsins.

Þá benda samtökin á að í umræddri skýrslu er dregin upp skýr mynd af þeirri mismunun sem til staðar er varðandi húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila, þ.e að ríkið tekur ekki þátt í kostnaði fyrir það húsnæði sem nýtt er í starfsemina, með augljósum afleiðingum fyrir viðhald og uppbyggingu húsnæðisins. Samtökin kalla eftir því að um þetta mál verði fjallað við áframvinnslu stefnudraganna.

Áframvinnsla málsins

Í máli heilbrigðisráðherra á heilbrigðisþingi kom fram að ráðherra sæi fyrir sér að í framhaldi af úrvinnslu umsagna um málið yrði farið í að undirbúa þingsályktunartillögu sem lögð yrði fyrir Alþingi. Hér er væntanlega boðuð framkvæmdaáætlun um stefnuna, sem svo í framhaldi felur í sér frekari lagabreytingar, reglugerðarsetningar, vinnu í stjórnsýslunni og fleira. Samtökin kalla eftir því að viðtækt samráð verði haft við þessi næstu skref, og að horft verði til þess í framkvæmdaáætluninni að forgangsraða þeim aðgerðum sem brýnastar eru. Þá er mikilvægt að skýrt komi fram hver beri ábyrgð á aðgerðum, hvernig þær séu fjármagnaðar og hvaða aðilar verði hafðir með í ráðum við útfærslu aðgerða.

Þá er ljóst að þeim metnaðarfullu áformum um uppbyggingu þjónustuúrræða mun fylgja mikill kostnaður. Samtökin kalla eftir því að með þingsályktunartillögu fylgi áætlun um það hvernig fjárfesta eigi í þeim innviðum, og að tryggt verði að nægt fjármagn sé til staðar þegar af stað verður haldið við framkvæmd einstakra þátta hennar.

Athugasemdir við einstaka tillögur:

Tillögurnar í skýrsludrögunum er ekki númeraðar eða nefndar. Tillögurnar eru skipulagðar í kringum markmið og vísað er til þeirra hér að neðan.

Ný heildstæð löggjöf um málefni eldra fólks og heilbrigðis- og félagsþjónustu við eldra fólk

Samtökin fagna því að setja eigi nýja og heildstæða löggjöf um málefni eldra fólks. Í tillögunni er talað um að skipa eigi verkefnahóp sem vinni að tillögum um heildstæða löggjöf. Það sem þar vantar er umfjöllun um hvaða aðilar eigi að koma að þeirri vinnu. Þetta er úr takti við t.d nýjar framkvæmdaáætlanir sem samþykktar hafa verið á þingi undanfarin ár. SFV kalla eftir því að þegar unnin verður þingsályktunartillaga úr stefnudrögunum að þar verði þetta lagfært. Það er mat samtakanna að mikilvægt séu að SFV verði aðilar að vinnu þessari.

Ein af aðgerðunum undir þessari tillögu er að „afnema ójafnræði íbúa hjúkrunarheimila varðandi almenn réttindi til heilbrigðisþjónustu, s.s. hjálpartækja, kostnaðarþátttöku vegna lyfja og sjúkraþjálfunar.“. Samtökin fagna tillögu þessari en þau hafa lengi kallað eftir því að skref þetta verði tekið. Það er óeðlilegt að við flutning á hjúkrunarheimili skerðist réttur íbúa þeirra, t.d til hjálpartækja og kostnaðarþátttöku vegna lyfja, og stórt skref ef að þetta verður leiðrétt.

Samtökin benda á að í Gylfa-skýrslunni, sem fjallað var um hér að ofan, koma fram tillögur að því hvernig stjórnvöld geti unnið að því að lagfæra viðvarandi rekstrarvanda hjúkrunarheimila, á sama tíma og þjónusta við einstaklinga er bætt. Þetta á sérstaklega við um lyfjakostnað hjúkrunarheimila. Fram kemur

í Gylfa-skýrslunni að lyfjakostnaður heimila þeirra sem tekið var tillit til í henni, nam 971 milljón, sem þýðir að heildarkostnaðurinn er væntanlega yfir milljarð. Í skýrslunni kemur fram að:

> meðan eldri borgari heldur eigið heimili utan hjúkrunarheimilis þá hefur hann fullan aðgang að fjárhagslegum stuðningi ríkisins vegna kaupa á lyfjum og hjálpartækjum samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda. Flytjist hann hins vegar inn á hjúkrunarheimili hefur hann ekki lengur sama beina rétt. Hann á þá í staðinn að fá lyf og hjálpartæki á kostnað hjúkrunarheimilisins, sem svo aftur á að greiða hann með hluta þeirra daggjalda sem það fær. Það gengur hins vegar illa upp þegar íbúinn er útlagi hvað kostnað varðar. Í ljósi þess að í raun er ekki ágreiningur um að greiða á, eða a.m.k. niðurgreiða, lyf og hjálpartæki fyrir aldraða úr sameiginlegum sjóðum, þ.e. með skattfé, ætti að vera hægt að greiða úr þessum vanda. Ein leið væri að kostnaður við lyf og hjálpartæki, eða a.m.k. sérlega dýr lyf og hjálpartæki, væri tekinn út úr því sem daggjöldunum er ætlað að borga og í þess stað greiddur eða niðurgreiddur með sama hætti og fyrir aldraða sem búa utan hjúkrunarheimila. Það myndi minnka vanda vegna útlaga talsvert

Auka hlut velferðartækni í allri þjónustu sem veitt er

Samtökin fagna þeim tillögum sem hér koma fram, og hvetja til þess að þær komi til framkvæmda. Þá er mikilvægt að fjármagn fyrir landshlutamiðstöðvar og styrki úr framkvæmdasjóðum, sem hér er lagt til að verði komið á, verði tryggt.

Dagdvalar-/dagþjálfunarrýmum verði fjölgað og samræmdar reglur um mat, endurmat og innihald þjónustu

Samtökin fagna áætlunum um að dagdvölum-/dagþjálfunarrýmum verði fjölgað, sem og að valkostum í dagþjálfun verði fjölgað. Ákvæði um að heimilt verði að semja um dagdvöl og persónumiðaðar lausnir, fyrir einstaklinga með heilabilun, er einnig mjög jákvætt. Samtökin vilja minna á að enn er ósamið um almenn dagdvalarrými.

Heimaþjónusta verði samþætt og öflug nærþjónusta (heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta) í öllum landshlutum.

Samtökin taka einnig vel í þessar áætlanir og því samstarfi sem boðað er milli heilbrigðisstofnana á hverju svæði. Mikilvægt er að þjónustuframboð gagnvart notendum verði einfaldað og þeim „sílóum“ sem nú eru verði eytt.

Hjúkrunarrýmum sem standast ekki viðmið um aðbúnað og persónulegt rými verði endurbætt eða umbreytt í aðra þjónustu og eða þeim lokað.

Í dag er mikil umframeftirspurn eftir rýmum á hjúkrunarheimilunum, og hefur m.a verið mikill þrýstingur frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra á hjúkrunarheimilin að taka við fleira fólki. Samtökin hvetja stjórnvöld til að hafa þetta í huga þegar aðgerðin er útfærð. Það er alls ekki þannig í dag að fjöldi íbúa hjúkrunarheimila geti verið útskrifaðir til að rýma fyrir aðgerð þessari. Þannig er mikilvægt að byrja á því að ná árangri í að innleiða fjölbreyttari úrræði í heilbrigðisþjónustu við eldra fólk.

Samtökin eru hins vegar sammála því að mikilvægt sé að hjúkrunarrými standist viðmið um aðbúnað og persónulegt rými, og undanfarin ár hefur mikill árangur náðst í að endurbæta húsakost hjúkrunarheimila víðast hvar. Þannig er t.d sú vegferð að útrýma tvíbýlum langt komin. Samtökin hvetja til að stjórnvöld styðji áfram og fjármagni þá þróun að endurbæta hjúkrunarrými.

Í stefnudrögunum er ekki sett fram áætlun um hvenær rýmum verði lokað, eða hvernig úrbætur verða fjármagnaðar. Að mati samtakanna er þetta ákaflega veigamikið atriði og ábyrgt að þetta sé útfært – eða amk. skoðað - áður en svo stórt stefnumarkandi skref er stigið.

Nýtt greiðslukerfi vegna dvalar og langtímaumönnunar á hjúkrunarheimili.

Samtökin gera athugasemdir við þær tímaáætlanir sem gert er ráð fyrir. Þannig er vandséð að mögulegt verði að bjóða öllum nýjum íbúum að dvelja á hjúkrunarheimili eftir nýju greiðslufyrirkomulagi 1. janúar 2022 – eftir 5 mánuði. Að mati samtakanna þarf að vanda til verka þegar svo stórar breytingar eru gerðar og gefa sér nægilegan tíma í verkefnið.

Viðmið um fjölda hjúkrunarrýma

Það er margt stórt að frétta í stefnudrögum þessum en þessi aðgerð er þó mögulega sú sem mestar afleiðingar hefur. Því er miður að ekki sé ljóst nákvæmlega hvað felst í aðgerð þessari. Er stefnan sú að fækka hjúkrunarrýmum í stórum stíl, strax og á næstu árum? Eða er stefnan að vinna að uppbyggingu fjölbreyttra úrræða til að draga úr þörf fyrir frekari uppbyggingu? Að mati samtakanna er hið síðara, hið eina skynsamlega í stöðunni og styðja samtökin þá leið.

Á sama hátt og kom fram hér að ofan, varðandi lokanir hjúkrunarrýma, þá hvetja samtökin stjórnvöld til að tryggja að nægjanlegur árangur náist við uppbyggingu fjölbreytta úrræða, <u>áður en að fjöldi hjúkrunarrýma veði miðaður við ákveðið hlutfall eldri íbúa landsins. Það er ekki ábyrg stefnumótun, að fækka hjúkrunarrýmum, áður en tryggt er að ekki sé þörf fyrir þau.</u>

Þá benda samtökin á að ekki er sérstaklega fjallað um það í drögunum að fjölga þurfi sérúrræðum þegar kemur að hjúkrunarrýmum en samtökin telja það afar mikilvægt.

<u>Aðrar ábendingar</u>

Hvíldarrými og endurhæfingarrými

Í skýrslunni er ekki mörkuð stefna varðandi hvíldarrými eða endurhæfingarrými. Að mati samtakanna er mikilvægt að fjallað sé um eflingu þeirra í stefnumótun sem þessari, sérlega vegna þess að þau styðja við það markmið að einstaklingar geti búið lengur heima.

Öflug læknisþjónusta fyrir aldraða

Samtökin vilja benda á að fjalla þurfi betur í drögunum um læknisþjónustu fyrir aldraða. Aldraðir hafa rétt á góðri heilbrigðisþjónustu rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Öldrunarlækningar eru nokkuð nýtt fag sem notar ákveðnar aðferðir sniðnar að þörfum aldraðra, sem eru gagnreyndar. Aldraðir ættu að hafa rétt eins og aðrir á bestu mögulegu læknisþjónustu hvort sem er á heilsugæslu, einkastofum, heima, á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum. Aðferðin byggir á nákvæmri sjúkrasögu og skoðun, mat á færni og sálfélagslegum þáttum, skilgreiningu vandamála, viðeigandi meðferð og endurhæfingu. Slík vinnubrögð ættu að vera leiðarljós í heilbrigðisþjónustu við aldraða. Það þýðir ekki að bara öldrunarlæknar eigi að sinna öldruðum heldur ætti að nota þekkingu byggða á slíku mati til grundvallar allri nálgun. Sú nálgun þýðir að læknar þurfa að hafa þann tíma sem þarf og teymi til að vinna með, það er ekki gert með magn og tímapressu að leiðarljósi heldur frekar með gæðum

„Vandi“

Samtökin benda á að hugtakið „fráflæðisvandi“ er ekki heppilegt til notkunar, sérlega þegar fjallað er í stefnudrögunum um að vinna gegn aldursfordómum. Það er að mati samtakanna neikvætt að tala um ákveðinn hóp aldraðra sem „vanda“. Og fyrst rætt er um hugtök og/eða orðanotkun þá vilja samtökin benda á t.a.m. hugtakið sem notað er varðandi inntöku á heimilin þegar komur að orðinu „vistunarmat“. Það gefur ákveðin tón sem er ekki sannur á ýmsan hátt því það að flytja inn á hjúkrunarheimili hefur ekki í för með sér vistun sem getur skilst sem nauðungarvistun í huga sumra.

Stig heilbrigðisþjónustu.

Fram kemur í skýrslunni að á hjúkrunarheimilum sé veitt þjónusta á fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar. Samtökin vilja benda á að á hjúkrunarheimilum er veitt heilbrigðisþjónusta sem nær lengra en fyrsta stigið, t.d ýmis læknisþjónusta, langtímahjúkrun og líknandi meðferð. Þá hefur þjónustustig hjúkrunarheimila aukist töluvert síðan lög um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt, og á hjúkrunarheimilum fer fram í sí ríkari mæli bæði hjúkrun og læknisþjónusta á öðru stigi, sem veitt væri á spítölunum, ef ekki væri fyrir þá stefnu heimilanna að senda ekki á spítala nema brýn þörf sé á. Það er því mat samtakanna að rétt sé að flokka heilbrigðisþjónustu þá sem veitt er á hjúkrunarheimilum í dag sem annars stigs heilbrigðisþjónustu.

Forvarnir

Samtökin benda á að í tillögunum skortir á umfjöllun um þátt forvarna og heilsueflingar í þeirri vegferð að efla heilsu aldraðra sem búa heima hjá sér. Þar vísa samtökin sérlega til umfjöllunar starfshóps heilbrigðisráðuneytisins um heilsueflingu aldraðra frá janúar 2021.

Fjármögnun og hvatar

Í umfjöllun um fjármögnun og hvata í þjónustu við aldraða kemur fram að „Hjúkrunarrýmin eru fjármögnuð með daggjöldum sem einnig byggjast á mati á hjúkrunarþyngd. Sá ágalli er þekktur að óheppilegt sé að blanda saman mati á hjúkrunar-/ þjónustuþyngd og greiðslum til matsaðilans“. Samtökin benda á að reynslan sýnir að það sé alls ekki svo að hjúkrunarþyngd (og þannig greiðslur) séu ofmetnar. Í því samhengi benda samtökin á umfjöllun Gylfa-skýrslunnar, sem sagt var frá hér að ofan.

Að lokum þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og lýsa sig viljug til að koma að áframvinnslu málsins á öllum stigum. Starfsfólk fyrirtækja í velferðarþjónustu býr yfir gríðarlegri þekkingu og hvetja samtökin stjórnvöld til að horfa til þeirra við stefnumótun í málaflokknum.

Að öðru leyti vísast til umsagna aðildarfyrirtækja Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

F.h Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri